



# REGLUR UM MENNTUN SÝNINGADÓMARA

Gilda frá 1. maí 2016 með breytingum frá 27.3.2023.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

## Efnisyfirlit

I. Sýningadómaranefnd	2
II. Almennt um sýningadómaranám	2
III. Umsóknarferli og skilyrði fyrir inntöku nýrra dómaranema	2
IV. Verklegr þjálfun dómaranema	3
V. Dómaraefnispróf	4
VI. Verklegr þjálfun dómaraefnis	4
VII. Lokamat	5
VIII. Reglur fyrir nýja dómara	6
IX. Framhaldsmenntun dómara	6
X. Réttindi til að dæma tegundarhóp	7
XI. Alhliða dómara réttindi (allrounder)	8
XII. Viðhald dómara réttinda	8

Sýningadómarar gegna mikilvægu hlutverki við verndun og viðhald hundakynja í samræmi við ræktunarmarkmið FCI. Dómar þeirra leiðbeina ræktendum framtíðarkynslóða og þurfa þeir að þekkja vel til ræktunarmarkmiða, ytri og innri eiginleika hundakynja og ástands stofna á lands- og heimsvísu. Með námi sínu og störfum öðlast dómarar yfirgripsmikla þekkingu á einstökum hundakynjum og mikilvægt er að þeir hafi bæði færni og tækifæri til að miðla þekkingu sinni og séu meðvitaðir um ábyrgð sína sem fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands.

## I. Sýningadómaranefnd

Stjórn HRFÍ skipar sýningadómaranefnd HRFÍ. Þar skulu eiga sæti 3 eða 5 aðilar með langa og víðtæka reynslu af starfi og regluverki HRFÍ eða annarra viðurkenndra hundaræktarfélag. Aukinn meirihluti skal hafa (eða hafa haft) sýningadómararéttindi. Sýningadómaranefnd hefur umsjón með menntun sýningadómara félagsins, samþykkir inntöku dómaranema og mælir með staðfestingu réttinda dómara við stjórn HRFÍ. Nefndin fylgist einnig almennt með störfum sýningadómara HRFÍ og leiðbeinir eða veitir tiltal ef þurfa þykir. Ákvarðanir og tillögur sýningadómaranefndar til stjórnar HRFÍ eru trúnaðarmál.

## II. Almennt um sýningadómaranáám

Dómaranemar bera almennt kostnað af dómaranámi, þar með talið af námskeiðum, dómaranema- og dómaraefnisstörfum, ferðum og upphaldi.

Sýningadómaranefnd HRFÍ getur hvenær sem er stöðvað nám dómaranema/dómaraefnis. Nefndin skal tilkynna viðkomandi um ákvörðun og rökstyðja hana skriflega.

## III. Umsóknarferli og skilyrði fyrir inntöku nýrra dómaranema

Áhugasamir félagsmenn í HRFÍ, með lögheimili á Íslandi, geta sótt um að gerast dómaranemar. Ábendingar geta komið frá stjórn HRFÍ og stjórnnum ræktunardeilda, en umsókn skal ávalt undirrituð af umsækjanda. Umsókn skal berast til dómaranefndar HRFÍ og henni skal fylgja ferilskrá þar sem m.a. kemur fram nafn, heimilisfang, aldur, menntun, reynsla af hundahaldi, ræktun, þátttöku og störfum á hundasýningum, svo og öðru starfi innan HRFÍ.

Áður en umsækjandi er samþykktur sem dómaranemi, er gerð krafa um eftirfarandi:

1. Að umsækjandi sé lögráða.
2. Að umsækjandi sé ræktandi með skráð ræktunarnafn og eigi eða hafi átt hunda skráða í ættbók HRFÍ, **eða** að hann hafi náð góðum árangri sem sýnandi hunda í a.m.k. 5 ár, **eða** að hann hafi, á virkan og ábyrgan hátt, unnið með hundum í a.m.k. 5 ár.

3. Að umsækjandi hafi starfað á hundasýningum HRFÍ sem ritari eða hringstjóri á að lágmarki tíu sýningum, þar af a.m.k. fjórum sinnum á alþjóðlegri sýningu.
4. Umsækjandi skal standast skriflegt inntökupróf þar sem prófuð er þekking á:
  - Byggingu (e. anatomy), formgerð (e. morphology) og hreyfingu hunda
  - Erfðafræði, heilsu og eðli hunda
  - Ræktunarmarkmiðum hundakynja
  - Framkomu dómara, meginreglum og tækni við dóm
  - Sýningareglum HRFÍ, reglum HRFÍ fyrir sýningadómara og öðrum viðeigandi reglum
  - Sýningareglum FCI, reglum FCI fyrir sýningadómara og öðrum viðeigandi FCI reglum.
5. Umsækjandi skal metinn af sýningadómaranefnd sem kallar umsækjanda fyrir og spyr út í reynslu, þekkingu, getu hans til að tjá sig í ræðu og riti og aðstæður til að takast á hendur dómaraanám. Dómaranefnd getur kallað til sérfræðinga til að aðstoða við prófun og mat á umsækjanda. Mat nefndarinnar er frjálst, en almennt skal við það miðað að matið sé byggt á þekkingu, hæfni og reynslu umsækjanda sbr. ofangreinda liði.

Uppfylli umsækjandi tilgreindar kröfur og sýningadómaranefnd metur hann hæfan, er hann samþykktur sem dómaranemi og verkleg þjálfun getur hafist. Við samþykki er jafnframt ákveðið á hvaða hundakyn dómaranemi lærir á. Sú ákvörðun skal tekin í samráði við dómaranema, en dómaranefnd hefur þó úrslitavald. Miðað skal við að dómaranemi læri á fimm hundakyn. Ef sami FCI staðall gildir fyrir fleiri afbrigði, s.s. mismunandi stærðir/feldgerðir, er við það miðað að nemi læri á öll afbrigðin innan kynsins. Dómaranefnd getur vikið frá þessum viðmiðum.

## IV. Verkleg þjálfun dómaranema

Dómaranemi skal kynna sér gaumgæfilega þau hundakyn sem hann lærir á. Auk ritaðs ítarefnis, er nema bent á að leita upplýsinga hjá árangursríkum ræktendum, reyndum dómurum á hundakynin og að sækja námskeið, sýningar og vinnuviðburði hérlendis sem erlendis.

Dómaranemi skal í a.m.k. tvö skipti fyrir hvert hundakyn, fylgja eftir (mismunandi) FCI sýningadómurum í dómhring. Æskilegt er að velja til þess dómara sem hafa mikla reynslu af hundakyninu og eru hæfir til að leiðbeina dómaranema. Dómaranemi skal fá staðfestingu dómaranefndar á fyrirhuguðum nemastörfum.

### A. Umsókn um að vera nemi á sýningu HRFÍ

Dómaranemi skal senda umsókn til sýningadómaranefndar og skal hún hafa borist að minnsta kosti tveimur vikum fyrir sýningu. Dómaranefnd fær samþykki hjá sýningastjórn HRFÍ sem leitar samþykkis dómara og gengur frá viðeigandi gögnum fyrir dómhring. Hringstjóri skal gæta að því að gögn séu rétt útfyllt af dómara og skilað til skrifstofu í lokuðu, innsigliðu umslagi.

## **B. Umsókn um að vera nemi á deildarsýningu**

Dómaranemi skal senda umsókn til stjórnar viðkomandi deildar/sýningastjórnar deildarsýningar og til sýningadómaranefndar a.m.k. þremur vikum fyrir sýningu. Dómaranemi ber ábyrgð á að koma viðeigandi gögnum til deildarinnar, en hringstjóri deildarsýningar skal gæta að því að gögn séu rétt útfyllt af dómara og skilað til skrifstofu í lokuðu, innsigliðu umslagi.

## **C. Umsókn um að vera nemi á erlendri sýningu**

Hyggist dómaranemi sækja um að vera nemi á sýningu erlendis, skal hann fylgja reglum viðkomandi lands um umsókn, eftir því sem við á. Hann skal einnig senda umsókn til sýningadómaranefndar a.m.k. tveimur vikum fyrir brottför. Dómaranemi ber ábyrg á að viðeigandi gögn séu til staðar á sýningastað og séu útfyllt af viðkomandi dómara. Gæta skal að því að gögnum frá dómara sé skilað til skrifstofu í lokuðu, innsigliðu umslagi.

Sýningadómaranefnd getur hafnað umsókn um nemastörf, t.d. vegna þess að hún barst of seint, álag á viðkomandi dómara er of mikið á sýningu eða dómarinn þykir ekki heppilegur leiðbeinandi af einhverjum ástæðum. Hver dómari má að hámarki vera með tvo dómaranema, einn dómaranema og eitt dómaraefni eða eitt dómaraefni í einu. Maki dómara eða nánasta fjölskylda má ekki vera dómaranemi/-efni í hring hjá viðkomandi dómara.

Dómaranemi skal gæta fyllstu háttvísi í dómhring og forðast að tefja eða trufla störf í hringnum. Dómarinn getur spurt dómaranemann ítarlega til þess að kanna þekkingu hans.

## **V. Dómaraefnispróf**

Þegar dómaranemi hefur, að mati dómaranefndar, lokið fullnægjandi nemastörfum á öll hundakyn sem hann lærir á, tekur hann dómaraefnispróf (aspirantpróf). Dómaraefnispróf skal tekið innan tveggja ára frá samþykki dómaranema.

Sýningadómaranefnd stendur fyrir dómaraefnisprófi þegar það á við. Í dómaraefnisprófi skrifar dómaranemi ítarlega umsögn um þrjá til fimm hunda af hundakyni sem dómaraefni þekkir best til og sem dómaranefnd hefur valið í prófið. Dómaranemi fær 10 mínútur fyrir hverja umsögn. Því næst fer fram munnlegt próf þar sem spurt er út í umsögn, hundakyn og annað er varðar dómgaeslu. Ef niðurstaða prófsins er fullnægjandi, fær dómaraneminn skriflega tilkynningu um að honum sé heimilt að halda áfram námi sem dómaraefni í þeim hundakynjum sem hann er nemi í. Standist hann ekki prófið, tekur sýningadómaranefnd ákvörðun um hvort dómaranemi sé þar með fallinn úr námi eða hvort honum er gefið tækifæri til að endurtaka dómaraefnispróf.

## **VI. Verkleg þjálfun dómaraefnis**

Dómaraefni skal starfa sjálfstætt í hring hjá dómara/dómurum fyrir hvert hundakyn sem hann lærir á og skrifa umsagnir um tiltekinn lágmarksfjölda hunda af hverju kyni. Ef stefnt er að réttindum í mismunandi afbrigðum sama hundakyns, þarf að tryggja að hæfilegur fjöldi sé skoðaður af öllum afbrigðum. Dómaranefnd setur fram viðmið um fjölda í þessum tilvikum.

Æskilegt er að dómara séu frá Norðurlöndum, eða þekki a.m.k. mjög vel til sýningareglna NKU og uppbyggingu skriflegra umsagna. Þá er æskilegt að dómari sé reynslumikill og hafi góða þekkingu á tegundinni.

Í hundakynjum sem eru faliðuð á Íslandi er æskilegt að a.m.k. eitt skipti sé tekið erlendis. Dómaraefni skal velja sýningar í löndum þar sem viðkomandi hundakyn er nokkuð algengt og skráningar þess á sýningar almennt þokkalegar. Umsóknir um dómaraefnisstörf lúta að öðru leyti sömu reglum og umsóknir um dómaraefnistörf.

Dómari velur allt að 20 hunda sem dómaraefni skal skrifa umsagnir um. Dómaraefni skal starfa sjálfstætt og án handleiðslu dómara og skal gefa viðkomandi hundum umsögn og einkunn. Umsögnum dómaraefnis skal skila til hringstjóra áður en einkunnir og sætaröðun dómara er tilkynnt í hverjum flokki. Eftir skil dómaraefnis á umsögnum, má dómari spyrja um sætaröðun og ræða við dómaraefni um hundana. Dómaraefni skilar ekki umsögnum um hvolpa.

Dómaraefni má taka með sér mælistiku, glósur og ræktunarmarkmið inn í dómhring en engin nettengd tæki.

Dómaraefni skal útvega eigin ritara.

Innan 8 daga frá sýningu skulu umsagnir dómaraefnis, með gæðadómi um hundana ásamt afriti af umsögnum dómara um sömu hunda, sem og umsögn dómara um dómaraefni, berast til sýningadómaranefndar. Nái dómari ekki að ganga frá gögnum á staðnum og óski eftir því að fá að taka þau með sér, skal framkvæmdaraðili sjá til þess að aðeins afrit af dómaraefnisumsögnum séu afhent dómara ef gögn eru handskrifuð. Frumrit skulu send dómaraefnd. Dómaraefnið má halda eftir afriti af umsögnum sem fara skal með sem trúnaðarmál.

Dómaraefni skal ljúka dómaraefnisstörfum innan tveggja ára frá samþykki hans sem dómaraefnis. Undantekningar skulu almennt ekki veittar nema við sérstakar aðstæður.

## VII. Lokamat

Þegar dómaraefni hefur, að mati dómaraefndar, lokið fullnægjandi dómaraefnisstörfum á hundakyn sem hann lærir á, skal dómaraefnd taka til heildstæðs mats öll gögn er fyrir liggja um nám viðkomandi, ss. umsagnir dómara, prófniðurstöður, æfinga- og dómaraefnisumsagnir. Mat skal m.a. leggja áherslu á hvort viðkomandi:

- Þekkir ræktunarmarkmið hundakynsins og hvernig á að nota það
- Þekkir helstu tegundareinkenni og galla og hvernig á að fara með slíkt í dómi
- Kunni að skrifa umsögn
- Þekkir sögu hundakynsins
- Þekkir skapgerð / vinnueiginleika / heilsufar og vandamál hundakynsins
- Þekkir stofnstærð kynsins, bæði á Íslandi og annars staðar
- Skilji muninn á milli svipaðra og skyldra hundakynja

Reynist gögn ekki fullnægjandi til mats, getur nefndin kallað dómaraefni á sinn fund til að ræða það sem upp á vantar.

Standist dómaraefni lokamat, mælir dómaranefnd með viðurkenningu hans sem fullgilds dómara á tiltekin hundakyn. Stjórn HRFÍ tekur endanlega ákvörðun um veitingu dómara réttinda, að fengnum meðmælum dómaranefndar.

## VIII. Reglur fyrir nýja dómara

Nýr dómari skal dæma minnst einu sinni á meistarastigs- eða alþjóðlegri sýningu á Íslandi áður en hann getur tekið að sér að dæma á meistarastigs- eða alþjóðlegri sýningu í Danmörku (skv. sérstakri undanþágu FCI) og á meistarasýningum í öðrum löndum. Tvö ár þurfa að líða frá því að dómari fékk réttindi, áður en hann getur tekið að sér að dæma á alþjóðlegri sýningu utan Íslands og Danmerkur. Það er á ábyrgð dómara sjálfs að gæta að þessum kröfum, að viðlagðri ábyrgð.

## IX. Framhaldsmenntun dómara

Dómari getur sótt um til dómaranefndar að læra á fleiri hundakyn þegar hann hefur dæmt a.m.k. einu sinni þau hundakyn sem hann fékk upphaflega réttindi á. Dómaranefnd þarf að samþykkja frekara dómara nám. Við ákvörðun skal m.a. líta til þekkingar, hæfni, reynslu og aðstæðna umsækjanda.

Umsókn skal vera skrifleg og tilgreina m.a. hvaða dómara reynslu viðkomandi hefur, hvaða hundakyn óskað er eftir námi á og hvers vegna. Sýningadómaranefnd getur óskað eftir frekari upplýsingum sem máli kunna að skipta og kallað umsækjanda á sinn fund til að ræða umsóknina. Miða skal við að ekki sé lært á fleiri hundakyn en sjö í einu.

Samþykki dómaranefnd umsókn, skal umsækjandi vera að lágmarki tvisvar sinnum dómara nemi á tiltekinn fjölda stálpaðra hunda fyrir hvert nýtt kyn sem hann lærir á, á meistarastigs- eða alþjóðlegri sýningu. Ef stefnt er að réttindum í mismunandi afbrigðum sama hundakyns, þarf að tryggja að hæfilegur fjöldi sé skoðaður af öllum afbrigðum. Dómaranefnd setur fram viðmið um fjölda í þessum tilvikum. Að öðru leyti gilda sömu reglur um verklega þjálfun og gagnvart nýjum dómara nemum, sbr. IV. grein.

Þegar dómari hefur, að mati dómaranefndar, lokið fullnægjandi nemastörfum á hundakyn sem hann lærir á, tekur hann verklegt/munnlegt próf á kynið. Prófið er dæmt af tveimur dómurum sem hafa góða þekkingu á hundakyninu. Í prófinu skal dómaraefni dæma 5-10 hunda, gefa þeim munnlega umsögn og einkunn. Prófdómarar geta spurt ítarlegra spurninga um dómgæslu og þekkingu á kyninu og meta frammistöðu dómaraefnis. Standist dómaraefni prófið, mælir dómaranefnd með viðurkenningu viðkomandi sem fullgilds dómara á hundakynið. Stjórn HRFÍ staðfestir veitingu dómaraéttindanna..

Ef ómögulegt reynist að finna hunda af tilteknu hundakyni til lokaprófs, gildir almennt að dómarar geta ekki fengið réttindi á kynið. Undantekningu má gera fyrir reynda dómara, en í þeim tilvikum skal bóklegt og munnlegt próf um kynið vera sérlega ítarlegt.

Lokapróf má taka utan Íslands, í samráði við dómaranefnd.

## X. Réttindi til að dæma tegundahóp

Einungis dómarar sem sýna mikla hæfni við dómaraastörf og hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu, fá samþykki dómaranefndar til að læra á tegundahóp. Dómari getur sótt um að fá að læra á fyrsta tegundahóp eftir a.m.k. fjögurra ára dómaraastörf. Hann þarf að hafa réttindi á a.m.k. þrjú hundakyn (ekki afbrigði) í hópnum. Hann skal hafa dæmt þær tegundir a.m.k. fimm sinnum hvert, eða að öðrum kosti þurfa að hafa liðið a.m.k. þrjú ár frá fyrstu réttindum í hópnum. Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir reynslu af dómaraastörfum, námi á hundakyn í tegundarhópnum og annarri reynslu er máli skiptir, auk tungumálakunnáttu.

Nám á fyrsta tegundahóp getur ekki tekið skemmri tíma en tvö ár, en að lágmarki eitt ár fyrir síðari hópa. Dómari þarf að ljúka námi í einum tegundahópi, áður en hann getur hafið nám í þeim næsta. Eftir viðurkenningu á réttindum á fimm tegundahópa, getur dómari lært á fleiri hópa í einu. Það á þó ekki við um tegundahópa nr. 1, 2, 3 og 9.

Þegar dómari hefur verið samþykktur í nám á tegundahópi, jafngildir það samþykki á námi á öll hundakyn hópsins.

Dómaranefnd setur upp námsáætlun í samráði við leiðbeinanda, ef hann er til staðar. Leiðbeinandi er reyndur dómari á tegundahópinn sem hefur það hlutverk að vera dómara til halds og trausts meðan á námi stendur, dýpka skilning á hundakynjum hópsins og dómgæslu þeirra og veita ráðgjöf um annað sem varðar námið. Til samræmis við námsáætlun, skal dómari ljúka nemastörfum á tiltekinn lágmarksfjölda hunda og síðan lokaprófi með fyrirkomulagi er dómaranefnd ákveður.

Til þess að geta öðlast réttindi sem dómari á fyrsta tegundahóp, þarf viðkomandi að hafa réttindi á að minnsta kosti 50% af öllum kynjum hans. Þá skal dómari hafa



dómararéttindi á fimm fjölmennustu hundakynin í hópnum, miðað við skráningu á sýningar á Norðurlöndunum.

Þegar dómari hefur fullnægjandi þekkingu og réttindi á hundakynjum tegundahóps að mati dómaranefndar, mælir nefndin með því við stjórn HRFÍ að umsækjanda verði veitt réttindi á tegundahópinn.

## XI. Alhliða dómararéttindi (allrounder)

Alhliða sýningadómari (allrounder) er einstaklingur sem HRFÍ hefur viðurkennt til að dæma öll kyn allra tegundahópa á FCI/NKU sýningum.

Dómari getur fyrst hafið nám sem alhliða dómari, tíu árum eftir að hann var viðurkenndur sem dómari á fyrsta tegundahóp. Hann þarf að vera dómari á a.m.k. fimm tegundahópa (a.m.k. einn af þeim verður að vera nr. 1, 2, 3 eða 9) og dómari á algengustu kynin á Norðurlöndum í öðrum tegundarhópum.

## XII. Viðhald dómararéttinda

Mælt er til þess að dómari gefi reglulega kost á kost á sér til vinnu við sýningar HRFÍ (allra tegunda).

Sýningadómaranefnd getur hvenær sem er, með fjögurra vikna fyrirvara, kallað dómara með réttindi í endurtöku prófa. Hafi dómari ekki dæmt í fimm ár, skal hann kallaður í verklegt próf til að staðfesta að hann uppfylli enn þær kröfur sem gerðar eru til sýningadómara.

Þar sem reglum þessum sleppir, gilda FCI reglur um sýningadómara frá 31. október 2007 með síðari breytingum.